

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-39/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. maí sl. bað X, fyrir sjálfs síns hönd og f.h. húsfélagsins Z, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi óskar eftir því að kæruneftndin leggi mat sitt á: „a) Ákvörðun Y að láta meðeigendur íbúða í fjölbýli bera ábyrgð á greiðslum annarra eigna. b) Framferði fyrirtækisins og starfsmanna þess, þ.á.m. neitun á að leggja fram reikninga fyrir þjónustu sinni, þeirri háttsemi að senda reikning aldrei fyrir gjalddaga og seinagangi sem tíðkast í þeim efnun, framkomu og framgangi starfsmanna sem lýst er hér, og lögmæti innheimtuaðgerða fyrirtækisins. Einnig er þess óskað að fyrirtækið verði sektað eða refsað á annan hátt fyrir framferði sitt og verði látið endurgreiða allan vanskilakostnað sem það hefur innheimt í krafti eigin slóðaskapar.“

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Þau atriði sem álitsbeiðandi óskar eftir því að kæruneftndin taki afstöðu til varða sum hver ákvæði innheimtulaga nr. 95/2008, önnur ákvæði fjöleignahúsalaga nr. 26/1994 og e.t.v. ákvæði laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga o.fl.

Lítur ágreiningur aðila þannig ekki að afhendingu á vatni í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kæruneftndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson